

Fundargerð háskólaráðsfundar 22. febrúar 2012

Fundarstaður: Guðmundarstofa á Bifröst kl. 16.00

Mættir: Bryndís Hlökkversdóttir, Elísabet Guðrúnardóttir, Hallur Jónasson, Jón Ólafsson, Þórir Páll Guðjónsson, Stefán Sveinbjörnsson, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, Brynjólfur Magnússon og Snæfríður Baldvinsdóttir.

Fjarverandi: Guðmundur Ólafsson, Alma Jónsdóttir, Böðvar Sigurbjörnsson.

1. Fundargerðir lagðar fram til samþykkis

Fundargerðir 129, 130 og 131 voru lagðar fram til samþykktar háskólaráðs.

Fundargerð 129 var samþykkt án breytinga.

Fundargerð 130 var í tvennu lagi, fyrri hluti sem fer til birtingar að undanskildum trúnaðargögnum sem vistuð eru í gögnum háskólans. Fyrri hluti var samþykktur.

Fundargerð 130. Seinni hluti, trúnaðarhluti, samþykktur.

Fundargerð 131. Samþykkt með lítilsháttar breytingum.

2. Jafnréttisnefnd og jafnréttisfundur

Jafnréttisáætlun skólans, hefur verið ágætlega nýtt hér við skólann. Rektor bendir á að við skólann á að starfa Jafnréttisnefnd þar sem nemendur eiga einn fulltrúa. Nefndina á að setja aftur af stað en hún hefur ekki verið virk sem skildi síðustu misseri. Rektor tilnefnir formann og starfsmenn velja einn fulltrúa. Tilnefningar verða kynntar næsta fundi háskólaráðs og nefndin sett á laggirnar á ný.

3. Öryggisstefna fyrir upplýsingar- og tölvumál skólans

Verið er að endurskoða öryggismál vegna tölvumála. Póstkerfið hrundi hér á síðasta skólaári þar sem kom í ljós að ferlar hjá þjónustuaðila voru ekki virtir. Þá voru endurskoðuð gagnaöryggismál innanhús. Verið er að fara í gegnum alla ferla í tengslum við það og þarf að setja stefnu um öryggi upplýsinga- og tölvumála. Skjal F40 um öryggisstefnu tölvu- og upplýsingamála var lagt fram til kynningar og verður frekar rætt á næsta háskólaráðsfundi.

4. Erindi til háskólaráðs

Frestað fram á næsta fund þar sem ekki hefur tekist að vinna málið til afgreiðslu háskólaráðs.

5. Stefnumótun háskólans.

Framtíðarþing á Bifröst er fyrirhugað þann 3. mars þar sem kallaðir verða til skrafs og ráðagerða um framtíð skólans allir velunnarar hans, nemendur, starfsfólk, nágrannar í nærsvæitum, sveitarstjórnarmenn, hollvinir.

Hópur úr röðum nemenda og starfsmanna og hollvina var fenginn til að sjá um undirbúning þingsins sem verður vel kynnt í fjölmiðlum. Á síðari stigum stefnumótunar mun framkvæmdastjórn skólans ásamt markaðsstjóra leiða vinnuna ásamt fleirum sem verða kallaðir til og mun rektor leita til nemenda til að virkja þá með í stefnumótunina.

Önnur mál:

- Bifróvisjón fór vel fram þar sem skipulag og allt umfang gekk mjög vel.
- Háskóladagurinn í Norræna húsinu fór mjög vel fram þar sem andinn var góður og fjöldi manns leit við.
- Rætt var um kjör fulltrúa Íbúaráðs og hvort þörf væri á kosningu á nýjum fulltrúa. Nemendur tóku að sér að tala við sitjandi formann og fá hann til að koma á fót aðalfundi þannig að skipuð yrði virk stjórn í ráðinu.
- Lögð fram tillaga um að nemendur fái námskeið í dropbox. Tekið til skoðunar.
- Rætt um að merkja úrlausnir nemenda með númeri í stað nafna í prófum. Í Myschool er hægt að skila undir prófnúmerum og jafnvel verkefnum. Þá fer kennarinn yfir próf/- og verkefni nafnlaust. rektor tók að sé að fela tölvudeildinni (umsjónarmanni Myschool) að skoða mögulega útfærslu á þessu og kynna möguleika á næsta háskólaráðsfundi.
- Rætt um Nomos tímarit sem verið er að skoða hjá Nomos félagi laganema. Mikilvægt að skoða vel möguleikana og framkvæmdina.

Fundarritari: María Einarsdóttir